



Alþingi  
Erindi nr. P 125/1294  
komudagur 27. 3. 2000

Reykjavík, 27. mars 2000

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 7. mars 2000 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál.

Meginefni frumvarpsins er þríþætt. Í fyrsta lagi felur það í sér ákvæði sem varða umgjörðina um starfsemi lífeyrissjóðanna, bættan rekstur þeirra og skýrari fjárfestingarstefnu. Í öðru lagi felur það í sér rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestingar og í þriðja lagi heimild til breytinga á eftirlaunaviðmiðun þeirra sjóða sem starfa á grundvelli undanþágunnar í 54. grein laganna.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við þau atriði sem lúta að fyrsta lið hér að framan. Seðlabankinn gerir heldur ekki athugasemd við rýmkun fjárfestingarheimilda lífeyrissjóðanna að öðru leyti en varðar heimild til áhættutöku í erlendum gjaldmiðlum. Í því efni togast á tvö sjónarmið. Annars vegar er nauðsynlegt að sjóðssöfnun lífeyrissjóðanna bæti eignastöðu þjóðarþúsins í heild, enda er það ein af forsendum þess að núverandi lífeyrissjóðakerfi auðveldi komandi kynslóðum að standa undir öldrunarbyrði framtíðarinnar. Fjárfesting lífeyrissjóðanna í erlendum eignum stuðlar að þessu að því gefnu að aðrir aðilar veiki ekki eignastöðu sína erlendis í sama mæli. Hins vegar felur fjárfesting í erlendri mynt í sér áhættu fyrir lífeyrissjóðina þar sem skuldbindingar þeirra eru í íslenskum krónum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að núverandi ákvæða laganna fela í sér að lífeyrissjóðir geta fjárfest meira en 40% af hreinni eign erlendis að því tilskildu að það sem umfram er sé tryggt gegn breytingum á gengi íslensku krónunnar. Það er því umhugsunarefni hversu langt á að ganga í að rýmka heimildir lífeyrissjóðanna til þess að taka áhættu í þessu efni. Til að koma til móts við þetta sjónarmið kæmi til greina, samhliða því að takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign lífeyrissjóða, að kveða á um að áhætta í einstökum myntum megi ekki fara upp fyrir ákveðið mark, t.d. 20-30%.

Varðandi 54. grein laganna vekur Seðlabanki Íslands athygli á því að auk þeirrar breytingar sem felst í 9. gr. frumvarpsins kæmi til greina að heimila þeim sjóðum sem beita eftirmannsreglu við verðtryggingu lífeyris að velja einnig neysluverðsvísitölu sem viðmiðun við verðtryggingu lífeyris. Þeirri viðmiðun er nú beitt í mörgum lífeyrissjóðum enda er sú viðmiðun meginregla laganna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

SEÐLABANKI ÍSLANDS